



8. mars 2023
Tilv.: 2303054

Dreifibréf nr. 8/2023
til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að uppfærðum Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Seðlabanki Íslands hefur gefið út nýtt umræðuskjal nr. 2/2023 sem inniheldur drög að uppfærðum *Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum*. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 6. útgáfu almennu viðmiðanna og 4. útgáfu viðauka þeirra.

Við uppfærslu hinna almennu viðmiða, sem og viðaukanna, hefur verið tekið tillit til breytinga sem urðu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með lögum nr. 38/2022 í júní 2022 og viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli og álagspróf sem tóku gildi innan Evrópusambandsins 1. janúar 2023.¹

Í drögum að almennu viðmiðunum hafa lagatilvísanir verið uppfærðar með tilliti til fyrrnefndra lagabreytinga frá síðastliðnu sumri. Þá hefur verið bætt við umfjöllun um nýjar heimildir og kröfur sem einnig rekja má til fyrrnefndra lagabreytinga. Má þar meðal annars nefna heimild fjármálaeftirlitsins til að tilkynna fjármálafyrirtæki um eiginfjárálag (e. pillar 2-G) og heimild þess til að setja á sérstaka eiginfjárkröfu vegna hættu á of mikilli vogun (e. pillar 2-R – LR). Til samræmis við áherslur EBA hefur verið bætt við umfjöllun um að taka þurfi tillit til mats á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við mat á einstaka áhættuþáttum og samþættingu áhættu vegna umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttu (UFS-áhætta). Jafnframt hefur verið bætt við töflu með grunneftirlitslíkani fjármálaeftirlitsins og mynd sem lýsir tengslum reglubundins eftirlits, tímanlegra inngripa og þess hvort fjármálafyrirtæki er á fallanda fæti til samræmis við fyrrnefndar viðmiðunarreglur EBA.

Við uppfærslu á viðauka 1, sem fjallar um útlána- og samþjöppunaráhættu, hefur meðal annars viðmið vegna vanmats staðalaðferðar verið fellt brott, þá hefur verið bætt við umfjöllun sem styður við að mat á eiginfjárþörf vegna lántakasamþjöppunar geti verið háð sérfræðimati, einkum þegar flóknari aðferðafræði á ekki vel við. Nýtt viðmið hefur verið sett inn um neyslu- og bílalan til einstaklinga. Jafnframt hefur svokallað kvótaviðmið verið fellt

¹ Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP) and supervisory stress testing under Directive 2013/36/EU (EBA/GL/2022/03).

niður. Fjármálaeftirlitið gerir ráð fyrir að fjármálafyrirtæki beiti eigin aðferðafræði varðandi veð í kvóta, en mun skoða að taka kvótaviðmið aftur upp síðar ef þörf krefur.

Viðauki 2, sem fjallar um markaðsáhættu, hefur meðal annars verið uppfærður vegna verðtryggingaráhættu á þann veg að nú er miðað við þá stöðu verðtryggingarjafnaðar sem er „risk neutral“ gagnvart mati fjármálaeftirlitsins á eiginfjárförf í stað þess að miða við núll stöðu verðtryggingarjafnaðar. Opnað hefur verið fyrir þann möguleika í viðmiði fyrir mat á fastvaxtaáhættu, að eiginfjárförfin geti verið metin með hliðsjón af nýjum viðmiðunarreglum EBA,² sem taka gildi í júní og desember 2023, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við mat á hlutabréfaáhættu er nú, til að einfalda útreikninga og utanumhald fjármálaeftirlitsins, miðað við uppskalað flökt Nasdaq-vísitölu (IXIC) í stað flökts þeirra erlendu hlutabréfa sem eru í veltubókum fjármálafyrirtækja.

Minni háttar breytingar hafa verið gerðar á viðauka 3 sem fjallar um eiginfjáruka. Má rekja þær til fyrrnefndra lagabreytinga síðastliðið sumar, meðal annars hafa lagatilvísanir verið uppfærðar auk þess sem bætt hefur verið við stuttri umfjöllun um heimild til að skilgreina fjármálafyrirtæki kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru jafnframt birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 22. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal senda á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Pálmi Reyr Ísólffson
forstöðumaður
varúðareftirlit

² Guidelines issued on the basis of Article 84 (6) of Directive 2013/36/EU specifying criteria for the identification, evaluation, management and mitigation of the risks arising from potential changes in interest rates and of the assessment and monitoring of credit spread risk, of institutions' non-trading book activities (EBA/GL/2022/14).

